

Gnýr Guðmundsson
Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28.04.2022
Tilvísun: OS2021090001/10.2
Verknúmer: 4353020

Kerfisáætlun 2021-2030

Inngangur

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og samþykkja kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Raforkueftirlit Orkustofnunar (ROE) fer með þetta hlutverk, í samræmi við 2. mgr. 24. gr. raforkulaga. Þá hefur ROE eftirlit með framkvæmd kerfisáætlunar og skal meta hvernig henni er fylgt.

ROE fékk kerfisáætlun 2021-2030 frá Landsneti til formlegrar meðferðar þann 31. 8. 2021 (hér eftir vísað til hennar sem „kerfisáætlun“).

Samráðsferli

Samkvæmt 6. mgr. 9. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003 ber flutningsfyrirtækinu að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna kerfisáætlunar sem og aðra hagsmunaaðila (hér eftir nefndir „hagsmunaaðilar“). Nánar er kveðið á um samráðsferli kerfisáætlunar í reglugerð um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 870/2016. Í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að þegar samráðsferli er lokið skal flutningsfyrirtækið vinna greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma kerfisáætlunar sem skal innihalda svör flutningsfyrirtækisins við athugasemdum og rökstuðning þess fyrir endanlegri kerfisáætlun. Greinargerðin er hluti af kerfisáætlun og skal vera framsett sem fylgiskjal framlagðar kerfisáætlunar. Greinargerð Landsnets um athugasemdir hagsmunaaðila ásamt svörum við athugasemdunum fylgdu með framlagðri kerfisáætlun. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku kynnti ROE kerfisáætlunina í Lögbirtingablaðinu og birtist hún 1. september 2021. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 skal Orkustofnun við yfirferð kerfisáætlunar hafa samráð við alla núverandi og væntanlega viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. raforkulaga, í opnu og gagnsæju samráðsferli og gæta þess að tekið sé tillit til þess sem þar kemur fram. Að samráðsferli loknu ber Orkustofnun að birta niðurstöður þess. ROE sendi öllum viðskiptavinum Landsnets (dreifiveitum, stórnotendum, framleiðendum og aðilum með leyfi til sölu raforku) kerfisáætlunina til umsagnar þann 1. september 2021. Samkvæmt upplýsingum frá Landsneti með tölvupósti þann 15. október 2021 teljast eftirfarandi aðilar vera væntanlegir viðskiptavinir: Stakksberg og Vesturverk.

Frestur væntanlegra viðskiptavina Landsnets til þess að skila inn athugasemdum var fjórar vikur frá birtingu í Lögbirtingarblaðinu eða til 29. september 2021. ROE sendi öllum viðskiptavinum Landsnets kerfisáætlun til umsagnar þann 1. september 2021. Frestur viðskiptavina Landsnets til þess að skila inn athugasemdum var fjórar vikur eða til 29. september 2021.

ROE bárust athugasemdir frá þessum núverandi og væntanlegum viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins: Norðuráli, Norðurorku, Orku Náttúrunnar, Veitum og sveitarfélaginu Ölfus og RARIK.

ROE sendi athugasemdir viðskiptavina Landsnets til Landsnets þann 1. október 2021 og bauð fyrirtækinu að senda inn umsögn sína innan tveggja vikna.

ROE barst umsögn Landsnets við athugasemdunum þann 21. október 2021. Umsögn flutningsfyrirtækisins var send viðskiptavinum og væntanlegum viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins með tölvupósti þann 2. nóvember 2021 og þeim gefið færi á að koma á framfæri athugasemdum við viðbrögð Landsnets innan tveggja vikna. ROE bárust engar athugasemdir frá viðskiptavinum né væntanlegum viðskiptavinum flutningsfyrirtækisins.

Við yfirferð ROE á athugasemdum hagsmunaaðila og viðskiptavina Landsnets, sem og svör Landsnets við þeim er litið til markmiða í 9. gr. b raforkulaga um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þannig fjallar ROE t.d. ekki um athugasemdir sem lúta að eignarhaldi Landsnets, umhverfismati né skipulagi sveitarfélaga. Ef Landsnet svarar að mati ROE athugasemdum með fullnægjandi hætti eða ekki er þörf á svari, er ekki fjallað um viðkomandi athugasemdir hér nema í undantekningartilvikum. ROE birtir í þessu bréfi niðurstöður samráðsferilsins sem fram fór við meðferð og yfirferð stofnunarinnar á kerfisáætluninni. Við yfirferð kerfisáætlunar hefur ROE lagt sjálfstætt mat á kerfisáætlunina og eftir atvikum óskað eftir skýringum sem stofnunin taldi nauðsynlegt að lægja fyrir áður en unnt var að taka ákvörðun um samþykkt eða synjun kerfisáætlunar. Þetta gerði ROE með því að óska sérstaklega eftir upplýsingum um ákveðna þætti kerfisáætlunar skriflega og/eða munnlega á fundum sem haldnir voru með Landsneti. Með bréfi ROE, dags. 29. nóvember 2021, bárust Landsneti fyrstu athugasemdir ROE við framlagða kerfisáætlun fyrir tímabilið 2021-2030. Svar við bréfinu barst frá Landsneti 10. desember 2021. ROE bauð þann 30. nóvember 2021 Landsneti á fund um kerfisáætlun og framkomnar athugasemdir við hana. ROE sendi Landsneti í kjölfarið fyrirspurn að nýju þann 21. janúar 2022. ROE barst svar frá Landsneti 4. febrúar 2022. ROE óskaði því eftir frekari skýringum og breytingum á kerfisáætluninni með bréfi dags. 25. mars 2022 sem fyrirtækið svaraði með bréfi dags. 28. apríl 2022 en sendi jafnframt uppfærða kerfisáætlun. Í þessu ákvörðunarbréfi er farið yfir svör fyrirtækisins við þessum athugasemdum, auk þess sem sett er fram ein viðbótarathugasemd til Landsnets fyrir gerð næstu kerfisáætlunar.

Viðbrögð Landsnets við umsögn ROE um svör fyrirtækisins við athugasemdum hagsmunaaðila og viðskiptavina

Í þessum kafla er fram sett yfirlit yfir viðbrögð Landsnets (LN) við athugasemdum hagsmunaaðila, viðskiptavina og væntanlegra viðskiptavina fyrirtækisins,

Athugasemd 4

ROE fór fram á LN svaraði spurningu hagsmunaaðila (1) hvort rafmagnsflutningur samkvæmt samningum um skerðanlegan flutning væri innifalinn í raforkuafhendingu þegar reiknuð er viðbótarafhendingargeta á afhendingarstöðum í flutningskerfinu, (2) hvort að hægri mynd 1.1 og yfirlitsmynd 2-2 fyrir tiltæka afhendingargetu í meginflutningskerfinu og aðrar myndir sem sýna aflgetu í kerfisáætlun innifeli í sér skerðanlegan flutning á raforku og (3) hvort samningar um skerðanlegan flutning séu notaðir þegar reiknuð er þörf fyrir fjárfestingar í flutningskerfinu.

Viðbrögð LN: LN upplýsir að á myndum í kerfisáætlun sem sýna afhendingargetu á afhendingarstöðum fyrirtækisins, og hún er metin rauð, sé miðað við heildarálag á þeim tímavörðum þegar mest álag er á kerfinu í heild. Enn fremur er þá miðað við að ekki sé hægt að bæta við stórnotanda sem notar að minnsta kosti 10 MW á ári. Þannig sé ekki samið um tengingu stórnotanda á afhendingarstað Landsnets ef að afhendingargetan er metin á rauðu, nema þá um skerðanlegan flutning.

Mat ROE: ROE beinir því til Landsnets við gerð næstu kerfisáætlunar að yfirlitsmynd yfir tiltæka flutningsgetu í meginflutningskerfinu sé sýnd miðað við heildarálag á þeim tímapunkti þegar mest álag er í flutningskerfinu í heild að frádræginni orku sem flutt er samkvæmt samningum um skerðanlegan flutning, og/eða þá að lesanda kerfisáætlunarinnar sé gerð grein fyrir því hve mikill skerðanlegur flutningur er í MW í meginflutningskerfinu þegar heildarálag á þeim tímapunkti þegar mest álag er í flutningskerfinu í heild.

Athugasemd 5

ROE fór fram á að LN svari því hvort skerðanlegur flutningur sé innifalinn í greiningum sem framkvæmdar voru við útreikninga á afhendingargetunni í Vestmannaeyjum, sem sýnd er á mynd 4.7 í langtímaáætlun.

Viðbrögð LN: LN svarar því til að ekki sé til tímasett áætlun fyrir framkvæmdir í svæðisbundnu flutningskerfunum, þótt grófar áætlanir liggi fyrir. LN tekur þó fram að áætlun um framkvæmd á flutningsstreng til Vestmannaeyja hefur verið sett í langtímaáætlunina.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemdir við svar Landsnets og vísar jafnframt til þess sem fram kom í athugasemd 4 hér að ofan.

Athugasemd 11

ROE fór fram á að LN svaraði hagsmunaaðila, þannig að skýrt væri hvort að endurgreiðslutími fjárfestinga í kerfisáætlun sé innan afskriftatíma eignanna sem ætlað er að fjárfesta í miðað við grunnspá raforkuspár.

Viðbrögð LN: LN svaraði því til að ekki sé til staðar aðferðafræði til að meta endurgreiðslutíma einstakra hluta nýrra fjárfestinga í flutningskerfisins eina og sér en það sé þó til skoðunar hjá fyrirtækinu.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við svarið að sinni en ítrekar mikilvægi þess að fyrirtækið búi að aðferðafræði þar sem hægt er að meta hvort að til dæmis einstakar framkvæmdir auki virðisaukann í flutningskerfinu eða ekki.

Viðbrögð Landsnets við athugasemdum ROE við kerfisáætlun Landsnets 2021-2030

Í þessum kafla er fram sett yfirlit yfir viðbrögð LN við athugasemdum ROE sem gerðar voru með bréfi dags. 25. mars 2022 .

Framkvæmdaáætlun – áætlun um framkvæmdaverk 2022-2024

Almennar athugasemdir ROE

ROE ítrekaði að tölulegir mælikvarðar séu settir fram til að rökstyðja betur og á gagnsærri hátt framlagðar framkvæmdir og valkosti í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

Viðbrögð LN: LN hefur upplýst um að verðið verði við þessari athugasemd við gerð næstu kerfisáætlunar.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemdir við svar Landsnets.

ROE benti á að mælikvarðinn *Nýting virkjana* væri miklu frekar hluti af (yfir)mælikvarðanum *Hagkvæmni* en *Skilvirkni* og fór fram á að LN setji mælikvarðann *Nýting virkjana* undir mælikvarðann *Hagkvæmni* í næstu kerfisáætlun.

Viðbrögð LN: LN hyggst endurskoða framsetningu mælikvarða við gerð næstu kerfisáætlunar.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemdir við svar Landsnets.

Það vakti athygli ROE við lestur framkvæmdaáætlunar kerfisáætlunar að endurnýjunarverkefni valda almennt hækkun á tekjumörkum í mati LN á fjárhagslegum áhrifum af fjárfestingum í framkvæmdaáætlun. ROE fór fram á að LN skýrði hvers vegna fjárfestingar í nýjum búnaði, í stað þess eldri, hækki undantekningalaust afskriftir og rekstrarkostnað í tekjumörkum.

Viðbrögð LN: LN skýrir í svari sínu að endurnýjun búnaðar valdi að öllu jöfnu hækkun á afskriftum þar sem eldri búnaðurinn hafi að fullu verið afskrifaður, hækkun á arðsemi þar sem eignastofninn er stækkaður að nýju og viðbótarrekstrarkostnaði sem er reiknaður 2% af eignastofni, samkvæmt forsendum tekjumarkna.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemdir við skýringar Landsnets.

Suðurnesjalína 2

ROE fór fram á að kostnaðaráætlun Suðurnesjalínu 2 yrði uppfærð í kerfisáætlun 2021-2030 með rökstuðningi og sundurliðun kostnaðar. Enn fremur yrði gerð skýr grein fyrir því hvort að þessi breyting hafi áhrif á þegar kynnta niðurstöðu valkostagreiningar fyrir framkvæmdina.

Viðbrögð LN: LN kynnir að framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda athugasemd.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við úrlausn LN á athugasemdinni.

Hvalfjörður – Hrútafjörður – Ný tenging

ROE fór fram á að LN héldi fyrirvara við framkvæmdina Hvalfjörður – Hrútafjörður eins og gert var í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar fyrir árin 2021-2023. Enn fremur gerði ROE athugasemd við að óskýrt væri hvort fyrirhuguð framkvæmd fari í gegnum friðland og þá var gerð athugasemd við matið á áhrifum framkvæmdarinnar eins og það var sett fram í framkvæmdaáætlun.

Viðbrögð LN: LN gerir grein fyrir í svarbréfi sínu að framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda athugasemd.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við úrlausn LN á athugasemdinni.

Sigalda – Endurnýjun tengivirkis

ROE óskaði eftir því að LN færi yfir fullyrðingu sína í kerfisáætlun á bls. 140 (tafla 3-21) þar sem fram kemur við mat á samræmi framkvæmdar við almenn atriði í stefnu stjórnvalda að „Ný virkjun eykur orku í kerfi fyrir orkuskipti“ og svo við mat á árangri af fjárfestingunni kemur fram í töflum 3-117 og 3-118 að framlagðir valkostir hafi lítil eða engin áhrif á truflanir og skerðingar og nýting virkjana muni nánast ekkert skána við fjárfestinguna.

Viðbrögð LN: LN upplýsir að framkvæmdaáætlun hafi verið breytt þar sem augljóslega sé ekki um nýja virkjun að ræða. Enn fremur gerir LN grein fyrir því að framkvæmdin snúist um fyrirbyggjandi endurnýjun til að koma í veg fyrir truflanir í framtíðinni.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við úrlausn LN á athugasemdinni.

Varmahlíð – endurnýjun á 132 kV tengivirki

ROE benti LN á að ákveðið ósamræmi væri í rökstuðningi fyrir framkvæmdinni varðandi Í yfirliti yfir samræmi valkostar við stefnu stjórnvalda og markmiðið um að „Innviðaupbygging mætir þörfum fyrir orkuskipti. (tl.8)“ (bls. 151) kemur fram mat LN „Á ekki við“? Sé þessi rökstuðningur borinn saman við aðrar framkvæmdir s.s. rökstuðning fyrir framkvæmdum við Sigöldu og „umræðu“ um flutning yfir snið m.a. til að hraða orkuskiptum með næga flutningsgetu frá norðri til suðurs, virðist þetta mat ekki eiga við rök að styðjast. ROE bendir LN á þetta misræmi.

Viðbrögð LN: LN skýrir að matið byggi á mismunandi forsendum um endurnýjun og stækkun.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við úrlausn LN á athugasemdinni.

Vogaskeið – endurnýjun tengivirkis

ROE benti LN á að í undirkaflanum væri ósamræmi við mat á mælikvarðanum sem kemur fram í töflu 3-168 um Hagkvæmni á bls. 171.

Viðbrögð LN: LN upplýsir að þetta hafi verið lagfært í framkvæmdaáætlun.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við úrlausn LN á athugasemdinni.

Ísafjarðardjúp – nýr afhendingarstaður

ROE benti LN á að ýmsar forsendur sem fyrirtækið týnir til fyrir framkvæmdinni standist ekki við nánari skoðun og því telur ROE að forsendur fyrir framkvæmdinni skorti þar sem enginn orkuflutningur um fyrirhuguð flutningsvirki er í sjónmáli og því ekki er ástæða til að hafa framkvæmdina í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar fyrir en forsendur breytast. ROE lagði því til að framkvæmdin sé tekin úr framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar 2022 -2024.

Viðbrögð LN: LN varð ekki við tillögu ROE.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við viðbrögð LN, og telur fullnægjandi að í kerfisáætlun sé sá fyrirvari á framkvæmdinni að af henni verður ekki fyrir en gengið hefur verið frá samningum um að orkuflutningur muni eiga sér stað.

Langtímaáætlun um flutningskerfi raforku

Hér á eftir eru settar fram athugasemdir ROE við langtímaáætlun kerfisáætlunar og eftir atvikum óskir ROE um frekari upplýsingar eða breytingar á langtímaáætluninni.

ROE fór fram á að í 10 ára áætlun langtímaáætlunar (sbr. mynd 6.2) komi fram með gagnsæjum hætti hvaða sviðsmynd er notuð.

Viðbrögð LN: Í svari LN kemur fram að núverandi áætlun um langtímafjárfestingar í meginflutningskerfinu byggjast einungis á endurnýjunarþörf í flutningskerfinu og sé óháð sviðsmyndum og raforkuspá.

Mat ROE: ROE gerir fyrirvara við svar Landsnets og bendir á að í 7. tölulið 7. gr. reglugerðar 870/2016 um kerfisáætlun er farið fram á að í langtímaáætlun séu upplýsingar um forsendur, sviðsmyndir og spár sem

stuðst er við um þróun raforkuframleiðslu, raforkunotkun, markaðsþróun og raforkuflutning til annarra landa eftir því sem við á. Þá kemur fram að ef einhver af kröfum 7. gr. eigi ekki við um valkost á langtímaáætlun kerfisáætlunar skuli gera grein fyrir því sérstaklega í kerfisáætlun.

ROE telur að í ljósi ofangreindar kröfu 7. gr. reglugerðar nr. 870/2016 sé ekki fullnægjandi að styðjast einungis við forsendur um endurnýjunarþörf búnaðar í flutningskerfinu, heldur sé rétt að styðjast við sviðsmyndir og spár um um þróun raforku- framleiðslu, raforkunotkun, markaðsþróun þegar valkostir langtímaáætlunar og tímasetningar þeirra eru lagðir fram í langtímaáætlun. Tímasettar framkvæmdar langtímaáætlun eigi því, auk þarfa um endurnýjunar búnaðar, að styðjast við raforkunotkun, og markaðsþróun samkvæmt raforkuspá Orkustofnunar og ef lagðir eru að auki fram tímasettir valkostir sem styðjist við aðrar sviðsmyndir en raforkuspá Orkustofnunar þá þurfi það að vera gert með gagnsæjum hætti þannig að ljóst sé hvaða sviðsmynd er lögð til grundvallar hverju sinni.

ROE óskar eftir að flutningsfyrirtækið bregðist við ofangreindum athugasemdum um forsendur langtímaáætlunar fyrir útgáfu næstu kerfisáætlunar.

ROE fór fram á að hlutfallsleg afhendingargeta verði einnig sýnd á afhendingarstöðum LN þannig að lesendur langtímaáætlunarinnar geti gert sér grein fyrir hver afhendingargetan á að verða miðað við notkun, hlutfallslega.

Viðbrögð LN: LN gerir grein fyrir því að hlutfallsleg afhendingargeta verði sett fram í næstu kerfisáætlun í samræmi við athugasemdina.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við viðbrögð LN.

Í framkvæmdaáætlun 2021-2023 kafla 2.2.1 um Hólasandslínu 3 kemur fram: Þegar línan verður komin í rekstur mun afhendingaröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu aukast til muna þar sem við bætist ný og öflug tenging inn á svæðið sem einnig mun gefa möguleika á aukinni notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á svæðinu. Á bls. 38 í langtímaáætlun kemur fram að „svipuð staða er uppi á Norðurlandi og víða annars staðar þegar kemur að tiltækri afhendingargetu. Á Eyjafjarðarsvæðinu er ekki mögulegt að bæta við neinni notkun“. ROE fór fram á að LN skýri ákveðið misræmi í rökstuðningi fyrir Hólasandslínu sem sett var fram á sínum tíma og svo mati á ástandi flutningsgetu í svæðisbundna flutningskerfinu á Norður- og Norðausturlandi þar sem annars vegar var rökstutt að bygging Hólasandslínu 3 myndi auka rýmd í svæðisbundna flutningskerfinu en svo er annarri stöðu lýst til lengri tíma, þrátt fyrir að línan verði risin.

Viðbrögð LN: LN skýrir að orðalaginu verði breytt þegar Hólasandslína 3 verður spennusett.

Mat ROE: ROE gerir ekki athugasemd við viðbrögð LN.

Orkustofnun gerir auk þess neðangreinda viðbótarathugasemd við kerfisáætlun og óskar eftir að fyrirtækið taki tillit til hennar við gerð næstu kerfisáætlunar.

Í kafla 5 í langtímatímaáætlun segir: “Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins gerir ráð fyrir því að allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu eigi að búa að því að einföld truflun í kerfinu valdi ekki afhendingarroffi, þ.e. að þeir njóti allir tvöfaldrar tengingar”.

ROE bendir á að í þingsályktun um stefnu um styrkingu og uppbyggingu á flutningskerfinu stendur "að allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 og allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum

flutningskerfisins, árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi." ROE tekur ekki undir túlkun LN á texta þingsályktunarinnar sem er að "að allir afhendingarstaðir í flutningskerfinu njóti tvöfaldrar tengingar". ROE bendir á að í 1. grein raforkulaga nr. 2003/65 kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi. Að mati ROE þarf að samræma þá kröfu um þjóðhagslega hagkvæmni í raforkulögum við túlkun ákvæða um afhendingaröryggi í stefnu stjórnvalda. Þannig þarf í valkostagreiðningu að leggja fram aðra valkosti en "tvöfalda tengingu á afhendingarstöðum".

Þetta má gera með því að setja ákveðin viðmið fyrir fjárfestingar í flutningskerfi raforku sem uppfylla skilyrðið um að tryggja beri að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi, en jafnframt að stuðla þjóðhagslegri hagkvæmni.

Að mati ROE ber því að meta mismunandi leiðir til að uppfylla ofangreint skilyrði, bæði með tilliti til áhrifa þeirra á afhendingaröryggi og á þjóðhagslega hagkvæmni.

Á vissum afhendingarstöðum flutningskerfisins getur verið þjóðhagslega óhagkvæmt að tryggja varaflutningsleið fyrir alla afhendingu og þá getur á vissum afhendingarstöðum verið þjóðhagslega hagkvæmt að viðhafa meiri öryggisráðstafanir en eina varaflutningsleið fyrir alla afhendingu, svo sem ef bilun ákvæðinnar flutningseiningar hefur mjög alvarlegar eða langvinnar afleiðingar í för með sér.

Ávallt þarf að tryggja viðunandi raforkuöryggi forgangsortu til almennings og fyrirtækja í landinu og geta hinar mismunandi leiðir í uppbyggingu flutningskerfisins t.d. verið eftirfarandi eða sambland af:

- Varaflutningsleið fyrir alla afhendingu
- Tenging varaafsl/orkugeymslu við afhendingarstað.
- Heimildir í raforkusamningum um takmarkanir á afhendingu eða afhendingarrofi

Í 1. gr. raforkulaga nr. 65/2003 raforkulaga stendur einnig að stuðla skuli að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða. Þá þarf að stefna að því að markmið stjórnvalda um aðgerðir í loftslagsmálum séu uppfyllt.

Þannig þarf einnig að útfæra ofangreindar leiðir til að afhendingaröryggi ásamt þjóðhagslegri hagkvæmni sé uppfyllt, á þann hátt að umhverfis- og loftslagssjónarmið og markmið stjórnvalda séu virt. Hér ber helst að nefna aðgerðir til að lágmarka olíubrennslu.

ROE bendir Landsneti á að gera framvegis grein fyrir valkostum í kerfisáætlun með því að bera saman kostnað og ávinning með tilliti til ofangreinds.

Ákvörðun ROE

ROE hefur farið yfir kerfisáætlun 2021-2030, bréf og fylgigögn eins rakið hefur verið hér að framan. Að mati stofnunarinnar hefur Landsnet brugðist vel við athugasemdum og óskum ROE um breytingar og skýringar á einstökum þáttum kerfisáætlunar og einnig hefur fyrirtækið leitast við að svara athugasemdum og umsögnum hagsmunaðila og viðskiptavina fyrirtækisins. ROE óskar jafnframt eftir að Landsnet taki tillit til athugasemda stofnunarinnar sem fram koma í þessu bréfi við gerð næstu kerfisáætlunar.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 hefur Orkustofnun það hlutverk að fara yfir og samþykka kerfisáætlun Landsnets með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Í 6.-8. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um

kerfisáætlun fyrir uppbyggingu fyrir flutningskerfi raforku er fjallað nánar um það hvaða upplýsingar skuli vera hluti kerfisáætlunar.

Með vísan til alls framangreinds er það mat ROE, eftir að hafa yfirfarið kerfisáætlun Landsnets 2021 -2030, að áætlunin uppfylli skilyrði 2. - 5. mgr. 9. gr. a. og 2. mgr. 9. gr. b. raforkulaga nr. 65/2003 og 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Ákvörðunarorð

Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030 er samþykkt.

Með vísan til 3.mgr.9.gr.b. raforkulaga nr.65/2003 er ákvörðun raforkueftirlits Orkustofnunar á samþykki kerfisáætlunar kæránleg til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30 gr. raforkulaga nr.65/2003.

Virðingarfyllst f.h. raforkueftirlits Orkustofnunar



Rán Jónsdóttir

Verkefnastjóri verkfræði raforkumála



Guðmundur I. Bergþórsson

Verkefnastjóri raforkumarkaða